

Föstudaginn 3. febrúar 1939.

Nr. 18/1937. **Árni Þorsteinsson**

gegn

Þorleifi Kristóferssyni.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda, Árna Þorsteinssonar, var mætt í málinu og þess krafizt, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var og mætt og krafizt ómaksbóta.

Málið er hafið, og greiði áfrýjandi stefnda, Þorleifi Kristóferssyni, 80 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1939.

Nr. 141/1937. **Guðmundur Jónsson**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Þórarni Snorrasyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Landamerkjамál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1937 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýj-

andi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Með landamerkjadómi Árnessýslu, sem upp var sagður 13. maí 1890 og staðfestur var með dómi landsyfirréttarins þann 20. apríl 1891, var svo kveðið á um landamerki þau, sem nú er um deilt, að þau skyldu teljast „úr „Selós“ við „Selasker“ beint upp í markagarðinn“ við sjó fram. Aðiljar máls þessa, sem nú er hér fyrir dómi, hafa ekki getað orðið á eitt sáttir um það, hvar Selós sé, og er málið af því efni til orðið. Á afstöðuppdrætti, sem til afnota var í merkjamálinu 1890 og lagður hefir verið fram hér í hæstarétti, er Selós talinn ganga inn á milli Selaskers og annars lítils ónafngreinds skers, sem liggur fyrir norðan vestanvert Selasker og nokkru nær landi en siðartalið sker. Virðist landamerkjadómurinn hafa talið þá staðsetningu rétta. Styrkist þetta af þeirri skýrslu vitnisins Jóns Jónssonar, sem var einn dómendanna í merkjamálinu 1890, að í þeim dómi sé víst talið, að Selós sé vestan Selaskers. Til sömu niðurstöðu um skýringu á merkjadóminum frá 1890 bendir það, að á afstöðuppdrætti, sem aðiljar máls þessa létu gera 22. ágúst 1937, virðist ós vera sýndur vestan og norðvestan við Selasker, en enginn ós austan þess. Sakargögnin virðast þannig leiða til þess skilnings á dóminum frá 1890, að merkin skuli teljast frá merkjagarðinum á landi, sem aðiljana greinir ekki á um, beina línu um Klasbarða í vesturodda Selaskers. Verður því samkvæmt 15. gr. landamerkjalaga nr. 41 frá 1919, sbr. lög nr. 40 frá 1927, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt, að stefndi

greiði áfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ómerkur og visast málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Stefndi, Þórarinn Snorrason, greiði áfrýjanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Árnassýslu 10. nóv. 1937.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilaun tekið fyrir í landamerkjadómi Árnassýslu til þess að fá skorið úr um landamerki jarðanna Ness og Bjarnastaða, beggja í Selvogshreppi. Landamerkin eru ágreiningslaus frá fjalli að Unhól, milli túna beggja jarðanna eftir hinum forna merkjagarði niður að sjóvarnargarði, en þá ris ágreiningur upp um, hvert markalínan eigi að stefna.

Eigandi Ness, Guðmundur Jónsson bóndi í Nesi, gerir þær réttarkröfur, að landamerkjalínan verði dregin úr merkjagarðsenda og þaðan beina línu í „Selós“, sem hann telur vera næstan vestan Selaskers, og að eiganda Bjarnastaða verði gert að greiða allan málskostnað.

Eigandi Bjarnastaða, Þórarinn Snorrason bóndi á Bjarnastöðum, gerir þær réttarkröfur, að landamerkin verði ákveðin frá Unhól beina línu niður með markagarði, hjá Markaskeri og út í sjó, og að eiganda Ness verði gert að greiða allan kostnað við málið.

Til stuðnings réttarkröfum sínum og sönnunar færir eigandi Ness sérstaklega fram þessi atriði.:

I. Vitnisburð vitnanna Sigurðar Jónssonar og Guðmundar Halldórssonar (á rskj. nr. 3 og 4) um, að kálgörðum Nestorfunnar, er liggja að landi Bjarnastaða innan sjógarðs, halli litið eitt til suðvesturs. Telur eigandi Ness, að þetta bendi til þess, að landamerkjalínan eigi að taka stefnu í sömu átt, eða nokkuð til suðvesturs.

II. Forsendur hins gamla landamerkjadóms (á rskj. 2), þar sem tekið er fram um lengd þeirrar beitfjöru, sem þá var deilt um, þ. e. á annað hundrað faðmar. Þetta, telur eigandi Ness, að komi vel heim við þá afstöðu „Selóss“, er hann heldur fram í máli þessu, með því að hér sé um sömu lengd að ræða og sé á milli „óssins“ næsta vestan Kjálka og „Selóss“ vestan Selaskers.

III. Vitnisburð Þorsteins Þorsteinssonar og Sigurðar Jónssonar (á rskj. 14) um þangskurð Nestorfubænda á austanverðum Klasbarða og fénaðar og hrossagöngu frá þeim sömu bændum á Fénaðarflúðum.

IV. Vitnisburð Jóns Jónssonar (á rskj. 11) um legu þess óss, sem eigandi Ness telur, að landamerkjádómurinn 1890 hafi átt við, þar sem vitnið fullyrðir, að „Selós“ sé næsti ós vestan við Selasker.

Eigandi Bjarnastaða hefir hinsvegar tekið sérstaklega fram eftirfarandi atriði sem höfuðsönnunargögn til stuðnings sínum réttarkröfum.

1. Vitnin, sex að tölu, sem leidd voru fram í þinghaldiinu 7. júní, þau Halldór Magnússon, Svein Halldórsson, Bjarna Jónsson, Helga Guðmundsson, Guðna Gestsson og Guðmund Filippusson, en vitnisburður þeirra allra er (á rskj. 5—10) á þá leið, að þau hafi álitnið alla fjöruna vestan Markaskers í landi Bjarnastaðabóndans og Markasker á landamerkjum, og vitnisburður fimm þeirra þess efnis, að Bjarnastaðabónda hafi verið greitt uppsátursgjald af bátum, er lagt var í Bjarnastaðavör.

2. Að í forsendum dómsins frá 1890 (rskj. 2) sé skilyrðislaust gengið út frá því, að landamerkjalínan sé bein, enda sé niðurstaða dómsins byggð á þeim grundvelli. Nefnir eigandi Bjarnastaða sérstaklega máli sínu til hjálpar þessar klausur úr forsendunum: „Hvað sérstaklega þessa lögfestu, . . . , sem virðist að benda til, að ósinn sem nefndur er, sé beint niður undan Markagarði, en ekki á skakk eða skáhallt“ og „... auk þess sem landamerkjalinna svo skáhallt frá sjó er óvanaleg og útheimtir sterka sönnun, sem hér er ekki fyrir hendi.“

Skulu nú ofanrituð atriði úr málsútlitun aðiljanna tekin til nánari yfirvegunar, og þá fyrst eiganda Ness.

Ad. I. Rétturinn verður að lita svo á, að framburður vitnanna á rskj. 3 og 4 sé þýðingarlaus um kröfu eiganda

Ness, þar eð kálgarðar þessir, sem þar um ræðir, liggja á svæði, þar sem landamerkin eru óumdeild, og ennfremur vegna þess að engin ástæða er líkleg né gerð sennileg fyrir því, að þeir ráði nokkru um stefnu landamerkjalinunnar.

Ad II. Rétturinn álitur, að allt, sem eigandi Ness, og raunar eigandi Bjarnastaða einnig, ræða um beitifyöru þessa, sé óviðkomandi máli þessu. Samkvæmt dóminum frá 1890 virðist áminnzt beitifyara liggja á svæði því, sem sækjandi málsins þá krafðist *aðallega*, að lagt yrði undir Bjarnastaði, en falla fyrir utan svæði það, sem hann krafðist *til vara*. Hin umrædda beitifyara í hinum gamla dómi mun því vera fjaran frá Markaskeri og austur á móts við Nesbæ, enda verður ekki séð, að um aðra slíka fyöru sé að ræða í þessu sambandi, og liggur beitifyara þessi fyrir utan núverandi umdeilt svæði.

Ad III. Vitnisburður þessara tveggja vitna um nytjar Nestorfubænda á austanverðum Klasbarða og á Fénaðarflúðum virðist ekki út af fyrir sig vera sérstaklega til stuðnings kröfu eiganda Ness um landamerkjalinuna, þar eð báðir þessir staðir liggja austan við landamerkjalinuna samkvæmt kröfum eiganda Bjarnastaða.

Ad IV. Vitnisburður Jóns Jónssonar, sem er orðinn 87 ára að aldri og virðist vera vel ern og er einn af meðdómendum landamerkjadómsins frá 1890, virðist réttinum vera höfuðsönnunargagnið, sem eigandi Ness hefir fram fært, og ber því að taka þenna vitnisburð til nákvæmrar yfirvegunar.

Lína sú, sem eigandi Ness krefst að verði ákveðin af réttinum sem hin réttu landamerki, tekur nokkuð skakka stefnu til suðvesturs þegar Markagarði sleppir. Þessi óeðlilega breytta stefna, sem eigandi Ness ætlast til að línan taki, útheimtir að réttarins áliti sterka sönnun á sama hátt nú og um getur í forsendum dómsins frá 1890. Þar er tekin ákveðin afstaða til hinnar skáhöllu landamerkjalínu samkvæmt kröfu Bjarnastaðabónða þá, þannig, að ekki komi til greina, að hún verði svo ákveðin.

Verður nú að lita svo á, að landamerkjadómurinn frá 1890 mundi ekki hafa án sérstaks rökstuðnings og greinilegra orða ákveðið landamerkjalinuna „á skakk eða skáhallt“ til suðvesturs, þegar sá dómur taldi óeðlilegt og

óleyfilegt að ákveða merkin skáhallt til suðausturs, án sérstakra og sterkra sannana. Af þessu verður rétturinn nú að telja, að þrátt fyrir vitnisburð téðs vitnis um Selós við Selasker, verði hér eigi álitid komið fram nægilega sterkt sönnunargagn til stuðnings hinni óeðlilegu kröfu sækjanda.

Um málsástæður og útlistun eiganda Bjarnastaða at-hugast.

Ad 1. Vitnum þessum hefir öllum verið mótmælt sem vilhóllum eða háðum Bjarnastaðabónda. Að því er snertir nokkur þeirra, þ. e. Bjarna Jónsson, Halldór Magnússon og Guðmund Filippusson, verður að álita, að þau hafi að nokkru leyti sameiginlegra hagsmuna að gæta í máli þessu með eiganda Bjarnastaða, þar sem þau eru leiguliðar þess bónda og hafa með honum sameiginlega fjörubeit. Hinsvegar hefir ekkert það komið fram í málinu, sem geri hin þrjú vitnin, Helga Guðmundsson, Guðna Gestsson og Svein Halldórsson, ótrúverðug, og verður því að taka þau fullgild um það, sem þau bera. Þó að vitnisburður þessara manna verði ekki talin sönnun þess, hvar merki milli jarðanna séu, verður að líta svo á, að nokkrar líkur leiði af framburðinum gegn kröfum eiganda Ness.

Ad 2. Að áliti réttarins er tvímælalaust þýðingarmestu atriði sönnunargagnanna í máli þessu að finna í forsendum hins gamla dóms frá 1890. Verður að líta svo á, að hinar tilfærðu málsgreinar eiganda Bjarnastaða bendi eindregið í þá átt, að fyrir landamerkjadóminum frá 1890 hafi vakað, að landamerkjalinuna skyldi draga í fjörunni í beinu áframhaldi af línunni á landi (frá Unhól niður eftir markagarði) og það, sem réttinum þykir taka af allan vafa í þessu efni, er sú setning í forsendum hins gamla dóms, þar sem segir: „„Úr selós við Selasker“ beint upp í markagarðinn og eftir honum í Unhól (er í línu)“.

Samkvæmt framanskráðu verður rétturinn að líta svo á, að rétt landamerki milli jarðanna Ness og Bjarnastaða, beggja í Selvogi, séu frá Unhól í beina línu eftir markagarði í sjó út um vestanvert Markasker, yfir austurhorn Klasbarða, vestan Fénaðarflúða og skammt austan við Selasker, samanber uppdrátt.

Þóknun til dómenda og kostnað við réttarhöld í máli þessu greiði aðiljar að jöfnu. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli jarðanna Ness og Bjarnastaða, beggja í Selvogshreppi, skulu vera þessi: Bein lína frá Unhól eftir markagarði í sjó út um vestanvert Markasker, yfir austurhorn Klasbarða, vestan Fénaðarflúða og skammt austan við Selasker. Kostnaður til dómenda greiðist af aðiljum að jöfnu, að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja að því er greiðslu málskostnaðar snertir, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. febrúar 1939.

Nr. 122/1938. Víbekka Jónsdóttir

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Björgvin Jónssyni, Guðmundi Ögmundssyni og váttryggingarfélaginu „Baltica“ (Sveinbjörn Jónsson).

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómi í máli þessu, uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 22. marz 1937, hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 8. des. 1938 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. samkvæmt síðari málslið 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85/1936. Hér fyrir dómi gerir áfrýjandi þær kröfur, að stefndur Björgvin Jónsson verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 6096.80 með 5% ársvöxtum frá 5. febr. 1937 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Á hendur hinum stefndu Guðmundi Ögmundssyni og váttryggingarfélaginu